

# Menningarsetrið Dunhagi á Tálknafirði



Pennan sjómannaþag verður opnað nýtt kaffi- og menningarhúsi á Tálknafirði, sem fengið hefur nafnið "Kaffi Dunhagi", en eins og nafnið ber með sér, þá er kaffihúsið staðsett í gamla samkomuhúsinu í Dunhaga. Á kaffihúsinu verður boðið upp á léttar veitingar, heimabökuð brauð, sjávarfang úr firðinum, kökur, kaffi og léttvín.

Á kaffihúsinu verður jafnframt sett upp ljósmyndasýning, þar sem saga Tálknafirðinga verður sögð í máli og myndum. Ljósmyndasafnið er fyrsta sinnar tegundar á Tálknafirði en sýningin varpar ljósi á menningu, búsetuhætti og atvinnulíf í sveitum fjarðarins. Framtíðarhugsjónin er að umfang safnsins stækki ár frá ári og varðveiti hinn dýrmetna menningararf fortíðarinnar til

komandi kynslóða. Sem dæmi, var þessi einstaka mynd hér til hliðar er tekin á 50 ára afmæli Kaupfélags Tálknafjarðar Sveinseyri, af príóðinum Tálknafirðingum fyrir utan Dunhaga árið 1966. Kaffihúsið mun bjóða upp á metnaðarfulla og litríka gestakokka, harmonikkuleik og aðrar lista- og menningartengdar uppákomur í sumar. Þegar veður leyfir og sólin skín, geta gestir notið náttúruferðar fjarðarins á sólpallinum sem snýr að fjölbreyttu fuglalífi og varplandi á Oddanum. Kaffihúsið opnar á sjómannaþaginn, en formleg opnun ljósmyndasýningarinnar verður 17. júní næstkomandi. Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir mun syngja nokkur lög undir leik Maríon Gisela Worthmann. Einnig mun hinn góðkunnir Eggert

Björnsson skemmta gestum með ljúfum og þjóðlegum tónum harmonikkunnar. Gamla samkomuhúsið á Tálknafirði á sér merka sögu og var byggt árið 1933 og er nú verndað af Húsafríðunarsjóði þökk sé kvenfélaginu Hörpu, sem hefur séð um allt viðhald á húsinu fram til þessa. Þetta reisulega hús á sér sterka vitund í hugum Tálknafirðinga sem muna fyrri tíma hússins sem verbúð og stúkuhús svo ekki sé minnst á ógleymanlega dansleiki þar sem húsið bókstaflega lék á reidar skjálfi undan fótum heimamanna.

Mikil saga er tengd þessu húsi og umhverfið er eitt það fallegasta sem bærinn hefur upp á að bjóða en þess má geta að steinsnar frá húsinu er eitt blómlegasta náttúru- og fuglalíf á Vestfirðunum samkvæmt

heimildum Náttúrustofu Íslands. Sundlaug bæjarins og vinsælt tjaldstaði er í næsta nágrenni.

Stofnandi og rekstraraðili kaffi- og menningarhússins er Dagný Alda Steinsdóttir. Dagný er ekki ókunn Tálknafirði, hún á ættir sínar þangað að rekja í móðurætt, en afi hennar og amma voru Guðmundur Kr. Guðmundsson, bóndi og útvegsmáður og Kristín Magnúsdóttir, húsfreyja frá Innstu-Tungu í Tálknafirði. Afkomendur þeirra í dag eru fjölmargir og eiga stóran þátt í uppbyggingu samfélagsins á Tálknafirði.

Stórfjölskylda Dagnýjar, þá sérstaklega móðir hennar Hildur Guðmundsdóttir, leiddi uppbyggingu og varðveislu gamla burstabæjarins í Tungu og þar mun Dagný hafa aðsetur þegar hún dvelur á Tálknafirði. Ljósmyndasýningin er sett upp í minningu Hildar, sem lést í ágúst síðastliðnum en það var einlegur áhugi hennar að varðveita sögu gamla tíma.

Dagný Alda lauk BA námi í Bandaríkjunum sem innanhúss arkitekt og síðan MA prófi í Menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst 2012. Hún hefur töluverða reynslu af rekstri fyrirtækja, nýsköpun í atvinnumálum

og ferðalþjónustu, hér á landi sem og erlendis. Sem dæmi hefur hún starlað sem fararstjóri á Innlendi sem og rekjið hótél á suðurströnd Innlands síðastliðin 4 ár. Dagný Alda var stofnandi og eigandi nýsköpunarfyrirtækisins Alda Design Inc., sem framleiddi og seldi steyptrar flisar og borðplötueingar víðsvegar um Bandaríkin. Dagný flutti heim til Íslands 2005 og hélt áfram framleiðslu sinni. Helstu verkefni á Íslandi voru meðal annars lagning steinsteypra og vistvænna gölflisa í sundlauginni og kirkjunni á Hofsósi, Barnaskólinn í Garðinum og fjöldi annarra verkefna fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Talsverð eftirvænting ríkir meðal íbúa á Tálknafirði vegna

opnunar Kaffi Dunhaga og hefur framlag heimamanna til verkefnisins verið margþætt, margir hafa gefið vinnu sína, lánað eða gefið húsgögn, tæki og tól til verkefnisins. Hráefni veitingahússins verður sótt til fyrirtækja á staðnum en Þórsberg, Tungusilungur, Fjarðarlax sem og Íslandsbanki hafa tekið hugmyndinni fagnandi og veitt henni rausnarlegan stuðning. Þessi jákvæðu viðbrögð og þátttaka íbúa og fyrirtækja gefur mér ánægju og kraft til að halda ótraud áfram, segir Dagný. Markmið kaffihússins í Dunhaga er að skapa menningarlegt umhverfi þar sem gestir geta notið sín í einstakri náttúruperlu fjarðarinnar undir göðu yfirteki. Mikil aukning hefur orðið í fjölda ferðamanna, innlendra sem erlendra til Ís-

lands og fylgir því mikil gróska í ferðaíðnaði um allt land og mikilvægt að Vestfirðirnir séu þar engir eftirbátar. Á Patreksfirði hefur m.a. mikil uppbygging orðið með opnun nýs Fosshótel, sem klárlega mun ýta undir enn frekari fjölgun ferðamanna. Opnun kaffihússins í Dunhaga er eitt skref í þá átt að auka fjölbreytni og fjölgja þeim áfangastöðum sem ferðamenn geta valið um og er það von mín, segir Dagný, að vel muni takast til og að íbúar Tálknafjarðar og víðar, sem og ferðamenn verði ánægðir með þá þjónustu sem við viljum veita.

Ég hef alla tíð elskað að vera á Tálknafirði, segir Dagný, og þegar ég var lítil stelpa kom ég oft í sveitina til afa og ömmu og sótti barnaskóla þar

í tvo vetur þegar faðir minn, Steinn Erlingsson sótti sjóinn hér áður fyrr á Maríu Júlíu BA 36. Ég gleymi því seint hvað við vorum vonsvikin að flytja aftur suður. Það er því einstaklega gaman og í raun mikill heiður að lá að vinna að svona skemmtilegu verkefni með fólkinu mínu sem ég tel Vestfirðinga vera. Sá stuðningur sem ég hef fengið frá fólkinu hérna fyrir vestan í gegn um verkefnið hefur veitt mér mikla ánægju og í raun hefur mér fundist ég komin heim í heildardalinn.

*Myndin hér fyrir ofan er tekin á Innstu Tungu, Tálknafirði og er af ömmu minni Kristínu Magnúsdóttir þar sem hún er að slóðdraga tínið með gamla Raud.*

